

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 127/1261
komudagur 15.3.2002

Reykjavík 13. mars 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985, 418. mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að skipverjar haldi launum í þrjá mánuði eftir að skip ferst eða hverfur úr rekstri af ófyrirséðum ástæðum. Eins og málum er háttað í dag eru sjómenn nánast réttlausir eftir að skip sem þeir eru ráðnir á ferst. Sjómannasamband Íslands telur tímabært að réttarstaða sjómanna sé bætt við framangreindar aðstæður. Því er mælt með að frumvarpið verði samþykkt hið fyrsta.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson